

HÚS EFTIR Högnu Sigurðardóttur

Um þessar mundir er kastljósinu beint að störfum og verkum tveggja arkitekta sem eiga það sameiginlegt að hafa skilað nokkrum perlum í steypu, stáli og gleri; tveimur lýsandi vitum á strönd íslenskrar byggingarlistar: Högnu Sigurðardóttur og Manfréd Vilhjálmssyni. Það er ár á milli þeirra og þau eru nú komin að endalokum ferils síns og eru þá heiðruð; hún með sýningu á Kjarvalsstöðum, hann með veglegri bók, þar sem ferill þeirra er rakinn.

BYGGINGARLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þegar svokallað Hafsteins- hús á Bakkafli í Garðabæ var í byggingu var það orðið svo þekkt að orðspori á höfuðborgarsvæðinu að forvitnir gerðu sér ferð inn í húsbygginguna til að skoða hvernig arkitektinn hafði komið fyrir hlutum þar. Högnu Sigurðardóttir hafði þá starfað í Frakklandi allt frá því að hún lauk námi og hafði yfir sér ljóma þeirra landa okkar sem höfðu haslað sér völl í hörðum samkeppnisbransa erlendis. Það skygðei ekki á frægð hennar þegar við þá staðreynd var bætt eftirminnilegri athugasemd: Hún er úr Vestmannaeyjum.

Högna fæddist inn í kreppuna á Íslandi, þessa stóru sem við höldum lengi að væri eina kreppan sem gæti yfir okkur gengið þótt raunin hafi orðið önnur; þær voru margar. Kynslóðin sem fæddist um 1930 leit á fyrstu tveim áratugum ævi sinnar einhverja mestu umbreytingar sem nokkur kynslóð hafði upplifað hér á landi utan þær sem fæddust inn í harðindaár og plágur fyrri alda. Hin pólitísku rök í manngildisstefnu arkitektúrs voru tekin að sýna sig hér víða í nýrri byggingum, þótt slakur fagurfræðilegur og formlegur smekkur seinkaði þeirri þróun látlítið. Tímabilið 1929 til 1949 var stór og mikilvæg þungamiðja í nútímavæðingu Íslands. Og kynslóðin sem gekk til mennta inn í kalda stríð beggja vegna Atlandsála var hin fyrsta sem smíðaði bræðslu úr nýju og gömlu, eins og verk Högnu mörg og Manfréds Vilhjálmssonar sýna.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er takmörkuð að því leyti að hún sýnir einvörðungu verk Högnu á Íslandi, bæði byggð og óbyggð. Þegar reikað er um hana og teikningar og ljósmyndir eru skoðaðar þar kemur fyrst upp í hugann eftirsjá hinna glötuðu tækifæra sem gáfust en

voru ekki nýtt. Þar kom margt til: óvenjubundnar hugmyndir listamannsins, íhaldssemi njótenda og framkvæmdaraðila sem best verður skýrð með menntunarskorti og fylgifyskum hans, smekkleysi og fáfræði. Þau hús Högnu sem standa eru djásn íslenskrar byggingarsögu og í samanburði þeirra Manfréds og hennar verður fljótt ljóst að fjarvera hennar á erlendra grund og nærvera hans hér heima gaf honum forskot sem hefur gefið okkar fjölda glæsilegra húsa sem honum gafst tækifæri til að sjá rísa eftir sínu höfði.

Högna var menntuð í Frakklandi, það er í sjálfu sér undur að hún komst þar áfram í námi, málakunnáttu hennar var ekki upp á marga fiska þegar hún kom út og samkeppnin var hörð um sæti í Þjóðarskóla hinna æðri lista í París. Lokaverkefni hennar var unnið fyrir heimaslóðir – garðyrkjubýli í Hveragerði – en fyrir það fékk hún margháttaðar viðurkenningar í Frakklandi þar sem hún bjó sér ból og eignaðist fjölskyldu, þó að báðar dætur hennar hafi ætíð sótt heim og hvor á sinn hátt rétt eins og móðir þeirra auðgað mannlíf hér.

Stærstu verkin sem Högnu kláraði til fulls á Íslandi eru nokkur einbýlishús eins og þau kölluðust þá, öll risu þau í nýrri hverfum sunnan við möndul borgarinnar frá vestri til austurs. Öll eru þau vitnisburður um snjalla gáfu, þekkingu á íslenskum högum, ljósi og verðáttu. Þau eru öll spröttin úr íslenskri jörð en auðguð af menntun höfundarins og listnámi. Það er því skyldumæting á þessa sýningu svo mönnum verði ljós hlutur Högnu í merkilegum íslenskum arkitektúr.

Það kemur nokkuð á óvart hversu margar af byggingartillögum Högnu hafa verið laskaðar í tímans rás. Þar er skómm Kópavogsbæjar



Högna Sigurðardóttir arkitekt.

MYND/ LISTASAFN REYKJAVÍKUR

hvað ríkust og ber forráðamönnum bæjarfélagsins sú ábyrgð; þannig var tillaga hennar að sundlaugum og almenningsgarði á Rútstúni sem þau hjón Finnabogi Rútur Valdimarsson og Hulda Jakobsdóttir gáfu bænum og bæjarbúum á sínum tíma ekki unnin nema að litlu leyti. Annar áfangi þessa mannvirkis var líka unninn eftir hennar forsögn en í þriðja áfanganum var vikið frá hugmyndum hennar og eins og segir í sýningarskránni „með ámælisverðum hætti“.

Ýmsar tillögur hennar aðrar eru á sýningunni sem ekki hafa litið dagsins ljós á fyrirhuguðum stöðum. Sumarhúsabyggð Landsbankans við Álftavatn, kapella í Vestmannaeyjum. Hugmynd hennar að endurbyggingu Vestmannaeyjabæjar kom ekki til álita sem verðlaunatilaga, enda kusu yfirvöld í Vestmannaeyjum að hundsá allar tillögur um þá endurbyggingu.

Högna hefur hlotnast fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga fyrir verk sín, og tók meðal annars sæti í hinni virtu Frönsku byggingar-

listarakademíu árið 1992, auk innlendra viðurkenninga svo sem menningarverðlauna DV í byggingarlist 1994 og heiðursorðu Sjonlistaverðlauna Listasafns Akureyrar 2007. Íbúðarhús sem hún teiknaði að Bakkafli í Garðabæ hefur verið valið ein af 100 merkustu byggingum 20. aldarinnar í Evrópu og er nú til skoðunar ásamt Brynjólfs húsi að Sunnubraut í Kópavogi sem dæmi um húsbyggingu frá síðari hluta tuttugustu aldar sem beri að friða. Árið 2008 var Högnu Sigurðardóttir kosin heiðursfélagi Arkitektafélags Íslands.

Högna ánafnaði Listasafni Reykjavíkur nýlega öllu teikningasafni sínu. Í tilefni af þeirri rausnarlegu gjöf er sýningin sett upp nú með áherslu á íslensk verk, byggð sem óbyggð. Sýningarstjóri er Guja Dögg Hauksdóttir, deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, og samstarfshópur er skipaður þeim Önnu Sóleyju Þorsteinsdóttur, Laufeyju Agnarsdóttur, Magnúsi Jenssyni og Sigríði Maack, arkitektum. Sýningin er unnin í náinni samvinnu

við Arkitektafélag Íslands og í sérstöku samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, með tilstyrk fjölda aðila: Minningarsjóður Dr. Phil. Guðjóns Samúelssonar, mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands, Húsafríðunarnefnd, Bær listasetur, Myndhöfundasjóður Íslands, Íbúðalánasjóður Íslands og Franska sendiráðið á Íslandi eru þeirra á meðal en upptalningin er lengri og þar kemur síðastur Vestmannaeyjabær.

Í tengslum við sýninguna verður gefin út sýningarskrá um verk Högnu í ritstjórn Guju Daggar. Er það fyrsta og eina ritverkið sem henni er helgað sem komið hefur út hér á landi.

Högna til heiðurs er málþing í dag á Kjarvalsstöðum um feril hennar og hefst það kl. 14. Þar verða þátttakendur með erindi í pallborði þau Steinþór Kári Káráson, Jes Einar Þorsteinsson og Margrét Harðardóttir arkitektar og Þóra Sigurðardóttir listamaður. Sýningin á verkum Högnu á Kjarvalsstöðum stendur til loka janúar.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Jólaservéttur Hekla 750 kr.
Eldspýtustokkur Hekla 590 kr.



Jóla kort, Safnbúðin 10 stk. í pakka 1.990 kr.



Skuggaspil kertastjaki Heima 1.900 kr.



Dagbók Guðbrandsbiblía Safnbúðin 1.490 kr.



Sérpakkað súkkulaði Safnbúðin 590 kr.



Laufabraud 2009 Heima 2.900 kr.



Sælusápur margar gerðir 690 kr.



kerti, 2 stk. 390 kr.
Spil, Safnbúðin 990 kr.

FALLEGAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI

SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is · Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11–17